

## Fundargerð

### Opinn íbúafundur um Háaleitisbraut og Grensásveg.

Fundarstaður: Breiðagerðisskóli

Fundur hófst kl. 20:00, fimmtudaginn 12.mars 2015

**Fundarstjóri – Halldór Nikulás Lárusson**

**Hjálmar Sveinsson, formaður Umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkur**

Hjálmar Sveinsson segir í inngangsræðu sinni að framkvæmdir við Grensásveg sem séu til þess fallnar að draga úr umferðarhraða og bæta umferðaröryggi séu fyrirhugaðar aðgerðir sem ekki sé búið að taka endanlega ákvörðun um. Umhverfis- og skipulagsráð er búið að samþykkja að farið verði í aðgerðir á Grensásvegi til að draga úr hraða bíla í götunni og auka umferðaröryggi, ekki síst fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur í götunni. Það sem er ákveðið með þessa framkvæmd er að í götuna munu koma hjólastígar skv. hjólreiðaáætlun. Hjálmar segir framkvæmdir af þessum toga dýrar og er áætlaður kostnaður við fyrirliggjandi tillögu um 160 milljónir. Áherslan sé nokkuð á Bústaða- og Háaleitishverfi sé litið til fjárveitingar í verkefni sem snúa að gerð göngu- og hjólastíga árið 2015.

Hjálmar fjallaði í ræðu sinni um markmið Aðalskipulags Reykjavíkur 2030 þar sem m.a. segir að tryggja eigi skilyrði fyrir fjölbreytta ferðamáta í borginni. Grensásvegur sé þar skilgreindur sem borgargata með rólega umferð.

Mælingar sýni að meðalhraði um götuna í dag er of mikill og muni þrenging götunnar lækka umferðarhraðann og auka umferðaröryggi um götuna. Íbúar hafa kvartað sjálfir undan of miklum hraðakstri í götunni. Þessar aðgerðir muni einnig leiða til minni umferðarhávaða í götunni. Hjálmar bendir á Skeiðarvoginn í þessu samhengi sem er sambærilegt dæmi og fyrirhuguð þrenging á Grensásvegi þar sem áður voru 2+2 akreinar. Enginn mælir með því í dag að sá vegur verði breikkaður aftur enda hefur sú þrenging skilað árangri til lækkunar á hraða og bætt umferðaröryggis.

Hjálmar bendir á að mikill árangur hafi náðst í fækkun umferðarslysa í borginni og megi ekki síst þakka þann árangur átaki sem gert var í að fjölga hverfum og götum í borginni með 30km hámarkshraða. Slysin geri ekki boð á undan sér og því séu aðgerðir á Grensásvegi einn liður í fyrirbyggjandi aðgerðum til frekara umferðaröryggis í borginni.

**Stefán Agnar Finnsson, Umferðarverkfræðingur Reykjavíkurborgar**

Stefán Agnar Finnsson fór yfir forsendur framkvæmdarinnar og tillögur að útfærslu við þrengingu Grensásvegur, *sjá meðfylgjandi lýsingu á framkvæmd í viðauka.*

Skv. korti sem sýnir umferðarmagn á helstu stofnleiðum eða sólarhringsumferð er Grensásvegur með um 8-9þús bíla og Háaleitisbraut 9-13þús bíla á sólarhring. Miðað við óbreyttar ferðavenjur til 2030 mun umferðin um Grensásveginn ekki aukast en sé miðað við breyttar ferðavenjur skv. markmiðum Aðalskipulagsins 2030 mun umferð um Grensásveginn minnka frá því sem nú er.

Núverandi meðalhraði á Grensásvegi (suður), milli Miklubrautar og Bústaðavegar, er 61,1km/klst. (85% hraði) og á Grensásvegi (norður), milli Miklubrautar og Suðurlandsvegar er 57,0km/klst.

Breytingar munu ekki rýra afköst Grensásvegar yfir gatnamótin við Miklubraut og mun þjónustustig umferðarstrauma breytast lítið.

### **Dóra Magnúsdóttir, formaður hverfisráðs Háaleitis og Bústaða**

Stemning er fyrir því meðal hverfisráðsins að farið verði í fyrirhugaða aðgerð til að þregja Grensásveginn. Segir fjölskyldufólk almennt sátt við þessar framkvæmdir og að sjálf búi hún í hverfinu. Í samráðsferli um breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur hafi komið fram óskir íbúa um breytingar á götunni til að auka öryggi sérstaklega m.t.t. barna. Telur væntanlega hjólastíga í götuna vera mikla samgöngubót sem muni gera umferð um götuna öruggari.

### **Bergný Jóna Sævarsdóttir – Formaður íbúasamtaka Bústaða- og Fossvogshverfis.**

Fagnar framkomnum hugmyndum um breytingar á Grensásvegi. Telja framkvæmdina muni hægja á umferð bíla í götunni, aukið aðgengi fyrir hjólréiðar og að bílaumferð muni minnka. Það hafi verið baráttumál íbúasamtakanna að fá götuna þregda og að hagsmunir barnanna séu þar hafðir í forgrunni. Ekki heyrt neinar neikvæðar skoðanir hjá þessum íbúasamtökum fyrir þessari framkvæmd.

### **Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir – Í stjórn íbúasamtaka Háaleitis.**

Þungar áhyggjur af að framkvæmdin bitni á öryggi barnanna sem þurfi að ganga yfir Háaleitisbrautina. Vilja sjá frekari breytingar á Háaleitisbrautinni en nú er enda umferð meiri um Háaleitisbraut en Grensásveg og fleiri skólabörn sem um hana fara.

Gönguþverun við Hvassaleiti sem er óörygg fyrir börn, ómerkt. Umferð um Háaleitisbraut með jafnmikinn hraða og Grensásveginum. Vilja að mótvægisáðgerðir verði gerðar á Háaleitisbraut samhliða breytingum á Grensásveginum.

### **Almennar fyrirspurnir og umræður úr sal:**

Eftirfarandi er samantekt á og fyrirspurnum og umræðum einstaklinga úr sal til framsögumanna á fundinum og skoðunum sem fram komu á fundinum.

Vangaveltur voru um hvort fjármagnið sem ætlað er til verksins, 160 milljónir, væri ekki betur varið á þessum tímamarki í viðhald á gatnakerfinu eins og ástandið á þeim er í stað þess að breyta götu sem virðist í þokkalegu ástandi í dag.

Hljóðvarnir voru gerðar að umtalsefni og að ekki væri gert ráð fyrir neinum hljóðvörnum í þessari framkvæmd fyrir íbúa sem búa alveg við Grensásveginn beggja vegna.

Fram komu efasemdir um hvernig megi réttlæta það að þregja götuna til að koma fyrir hjólastígum á kostnað bílaumferðar þegar aðeins um 4% ferða eru farnar á hjóli.

Nokkuð um áhyggjur íbúa í hverfinu um að eftir þrengingu Grensásvegar sem muni draga úr hraða hennar muni umferðin sem um hana fer í dag leita annað. Óvissa um hvert hún fer en telja að það muni auka á umferð um Háaleitisbrautina í staðinn. Umferðin muni jafnvel leita inn í hverfin í staðinn sem dragi úr umferðaröryggi innan hverfanna. Var Hofsvallagata nefnd sem dæmi í því tilliti og vísað

til talninga sem gerðar voru fyrir og eftir bráðabirgðaframkvæmdir. Komu fram skoðanir um að ná mætti fram bættu umferðaröryggi og lækkun hraða í götunni með öðrum leiðum en að þrengja götuna. Telja að enn skorti á forsendur umferðartalninga til þess að taka ákvörðun um breytingar á götunni.

Sumir íbúar telja fyrirhugaðar breytingar á Grensásveginum ekki til bóta fyrir bílaumferð og efast jafnvel um notagildi hjólastíga í götunni á meðan aðrir íbúar lýstu yfir ánægju sinni með þessa breytingu á götunni og nefndu þá bætt umferðaröryggi, betri göngustíga og nýja hjólastíga sem væru til bóta.

Bent var á að halli götunnar væri ókostur er varðar lagningu hjólastíga í götuna sem myndi ekki laða til sín umferð hjólréiðafólks.

Áhyggjur komu fram á því hvað núverandi gangstétt austanmegin Grensásvegur er mjó sem skapar mikla hættu og sérstaklega á blindhorni eins og við Sogavegin þar sem erfitt er að sjá umferðina fyrir hornið. Vilja sjá breiðari gangstéttar á kostnað miðeyju.

Hvað verður með sjúkraflutninga sem fara um götuna í dag, munu þeir halda áfram að fara um götuna eða fara annað?

Kallað var eftir opnun í miðeyju framan við Hvammsgerði sem var lokað fyrir ca.25 árum og það sagt hafa ákveðið óhagræði í för með sér fyrir íbúa götunnar m.t.t. lengri aksturleiða fyrir vikið.

Fram komu áhyggjur af því að afkastageta gatnamóta við Bústaðavegin myndi minnka við það að hægribeygju hjáleiðir myndu verða lagðar af í þeirri mynd sem þær eru í dag.

Íbúi í Breiðagerði tekur undir þær breytingar að láta þrengja Grensásveg. Segir núverandi sólarhingsumferð um götuna sýna vel að ein akrein dugi. Benti á umferð á Bústaðaveg til samanburðar, þar sem gatan er tvær akreinar og umferð er meiri en á Grensásvegi. Er mjög ánægður með þessar breytingar og með þeim sé verið að stuðla að lægri hraða ökutækja.

#### Svör framsögumanna:

Framlag til viðgerða á götum borgarinnar hefur verið hækkað um 260 milljónir á síðustu tveimur árum til að bregðast við ástandi á gatnakerfinu.

Ekki er gert ráð fyrir hljóðvörnum við þessar breytingar, enda talið að breytingar á götunni muni draga það mikið niður í hraða umferðarinnar að hljóðvist muni batna við fyrirhugaða breytingu.

Engin ástæða er til þess að rengja þær forsendur um áætlað umferðarmagn eða talningar sem notaðar hafa verið til þess að meta afköst umferðar um Grensásveg og gatnamótin.

Fyrirfram er með vissu ekki hægt að segja 100% hvernig umferðarhegðun almennings muni breytast við þessar breytingar til að segja til um hvert umferðin muni fara muni breytingar hafa þau áhrif að umferðin leiti annað og hversu mikil hún yrði.

Erlendar rannsóknir sýna að þegar aðstæður eru skapaðar fyrir hjólréiðar mun umferð hjólandi aukast sem leiðir þá til þess að meira pláss skapast fyrir bíla í umferðinni.

Afkastageta Grensásvegur í núverandi mynd er langt um meiri en hún þarf að vera. Ein akrein í hvora átt mun anna þeirri umferð sem um hana fer í dag og til framtíðar. Afkastageta gatnamótanna við Grensásveg, þ.e. við Bústaðaveg og Miklubraut mun ekki minnka við breytingar á götunni. Almennungur mun alveg geta vanist því að þurfa að aka Grensásveg hægar en áður hefur verið og er Skeiðarvogur nefndur til samanburðar í því samhengi.

Ekki má fórna öryggi fyrir viðhald þegar fjármagni er forgangsraðað. Gert verður ráð fyrir því að gangstéttar verði 2m á breidd eftir breytingar. Hvað varðar réttlættingar á gerð hjólastíga í götunni þá hafa hjólreiðar verið að aukast og byggja þarf upp hjólastígakerfi til þess að kalla fram eftirspurnina sem mun auka hjólreiðar enn frekar.

Frekari ábendingum má koma áfram á [usk@reykjavik.is](mailto:usk@reykjavik.is)

Fundi lokið kl.21:45.

Fundarritari: Kristinn Jón Eysteinnsson

#### **Viðauki:**

1. Grensásvegur sunnan Miklubrautar, þ.e. á milli Bústaðavegar og Miklubraut, er fjórar akreinar fyrir bíla, þ.e. tvær akreinar í hvora átt. Umhv.- og skipulagsráð hefur samþykkt að þeim verði fækkað í eina akrein í hvora átt.
2. Í stað akreina sem hverfa verður gerður 2,5m breiður hjólastígur beggja vegna til hliðar við gangstétt sem verður að minnsta kosti 2ja metra breið. Hvor akrein fyrir bíla verður 4,5 m breið og hjóla- og göngustígur amk 4,5 m breiður samtals. Smá hæðarmunur verður á milli hjóla- og göngustígs.
3. Umferðarljós sem eru á gatnamótum við Hæðargarð verða þar áfram og einnig gangbrautarljós sem eru við Breiðagerði en stjórnbúnaður þeirra verður endurnýjaður.
4. Ný gangbrautarljós verða sett norðan við Heiðargerði í stað hraðahindrunar á göngubverun sem áður var áætluð.
5. Biðstöðvar strætó eru á þremur stöðum, þ.e. þrjár hvoru megin götunnar. Gert er ráð fyrir að biðstöð strætó rjúfi hjólastíginn þannig að strætó leggi að gangstétt. Þetta er gert með tilliti til aksturs neyðarbíla en hætta er talinn á of mikilli töf þeirra ef vagn stoppar í götunni. Það fyrirkomulag má endurskoða þegar bráðamóttaka flyst frá Borgarspítala í Landspítala við Hringbraut.
6. Sex til sjö cm hæðarmunur verður á milli götu og hjólastígs þannig að almenn umferð geti auðveldlega vikið upp á hjólastíginn ef neyðarbíll er á ferð.
7. Gangstéttar sem eru ónýtar verða endurnýjaðar.
8. Götulýsing verður endurnýjuð. Núverandi staurar í gangstétt verða fjarlægðir og nýjum staurum komið fyrir í miðeyjunni.
9. Framhjáakstur á umferðarljósum við gatnamót Grensásvegur og Bústaðavegar verður aflagður.
10. Gróður verður í miðeyjunni. Gætt verður að því að hann byrgi ekki sýn fyrir akandi, hjólandi eða gangandi.